

Föstudaginn 24. janúar 1958.

Nr. 156/1956. **Hreppsnefnd Skagahrepps f. h. hreppsins**

(Einar B. Guðmundsson hrl.)

gegn

Kristni Bergmann Lárussyni

(Ragnar Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti, hefur skotið málinu til dómsins með stefnu 20. nóvember 1956. Krefst áfrýjandi þess aðallega, að stefndi verði dæmdur faðir stúlkunnar X, er Y ól hinn 13. apríl 1945 svo og til að greiða meðlag með stúlkunni eftir yfirvaldsúrskurði. Til vara krefst áfrýjandi þess, að úrslit málsins verði látin velta á fyllingareiði móðurinnar, Y. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnanda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og honum verði dæmdur málskostnaður í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Gögn málsins veita ekki efni til, að tekin sé til greina aðalkrafa áfrýjanda um að dæma stefnda föður barnsins X. Verða úrslitin því að velta á eiði.

Fyrir Hæstarétti hafa verið lögð gögn, er leiða í ljós, að dansskemmtun sú á Kálfshamarsnesi, sem um getur í héraðsdómi, var haldin 8. júlí 1944. Miðað við, að barnið muni þá getið, eins og barnsmóðir heldur fram, getur meðgöngutíminn ekki talizt óeðlilega langur. Sýslumaður Húnavatnssýslu hefur lýst því, að nákvæmlega hafi verið bókadur eftir stefnda og síðar lesinn framburður hans á aukadómþingi Húnavatnssýslu 7. október 1952, þar sem hann neitar því að visu eindregið, að hafa haft holdlegar samfarir við barnsmóður, áður en barn þetta fæddist, „en neit-

ar ekki, svo hafi verið síðar". Frá þessum framburði hefur stefndi viljað ganga á síðara stigi málsins, en ekki verður mark á því tekið. Þá hafa og skýrslur stefnda um sum önnur atriði málsins eigi reynzt öruggar.

Að visu er framburður barnsmóður ófullkominn um nokkur atriði, en þegar litið er til framanritaðs, verður að telja málstað barnsmóður það líklegri, að rétt sé samkvæmt 213. gr. laga nr. 85/1936 að láta úrslit málsins velta á fyllingareiði hennar, enda eru eigi á það færðar sönnur, að henni sé svo andlega áfátt, að hún beri eigi skyn á þýðingu eiðsins. Ef barnsmóðir vinnur eið að því á lögmæltu varnarþingi og eftir lögmætan undirbúning, að hún hafi á tímabilinu frá 1. júní til 1. ágúst 1944, að báðum dögum meðtöldum, haft holdlegar samfarir við stefnda, skal hann því talinn faðir barnsins X, enda greiði hann þá meðlag með barninu eftir úrskurði yfirvalds. Ef barnsmóðir vinnur eiðinn, skal stefndi og greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 4000.00.

Nú verður barnsmóður eiðfall, og skal stefndi þá vera sýkn af kröfum áfrýjanda, en hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ef Y vinnur innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa og eftir löglegan undirbúning eið að því á lögmæltu varnarþingi, að hún hafi á tímabilinu frá og með 1. júní til og með 1. ágúst 1944 haft holdlegar samfarir við stefnda, Kristinn Bergmann Lárusson, þá skal hann talinn faðir barns Y, X, enda greiði stefndi þá meðlag með barninu eftir úrskurði yfirvalds. Þá greiði og stefndi áfrýjanda, hreppsnefnd Skagahrepps f. h. hreppsins, kr. 4000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Nú verður Y eiðfall, og skal stefndi þá vera sýkn af kröfum áfrýjanda, en hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Einar B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Gullbringu- og Kjósarsýslu 15. ágúst 1956.

Ár 1956, laugardaginn 25. ágúst, var í aukadómþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldið var á skrifstofu embættisins af Jóni Finnssyni, fulltrúa sýslumanns, kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 2/1956:

Oddviti Skagahrepps f. h. hreppsins gegn Kristni Bergmann Lárussyni, sem dómtekið var í dag.

Hinn 13. apríl 1945 ól Y . . . , Húnavatnssýslu, óskilgetið meybarn, sem skýrt var X.

Samkvæmt vottorði ljósmóður var barnið fullburða, 4500 gr. á þyngd og 52 cm á lengd.

Barnsmóðir virðist enga reka hafa gert að því sjálf að feðra barn sitt, en sóknarprestur hennar, séra Pétur Ingjaldsson, og oddviti Skagahrepps leituðu eftir því við kærða, Kristin Bergmann Lárusson, þá til heimilis að Garðshorni, Kálfshamarsvík, haustið 1947, að hann viðurkenndi faðerni barnsins, en hann harðneitaði að vera faðir þess.

Við þetta sat þar til 24. apríl 1951, en þá varð barnsmóðir að þiggja framfærslustyrk hjá sveit sinni vegna barns þess, er mál þetta er risið af, og annars barns, er hún ól 6. október 1939, og hófst þá hreppsnefnd Skagahrepps handa um að feðra börnin, en barnsmóðir hafði heldur ekki feðrað eldra barnið.

Barnsmóðir mætti fyrst í aukadómþingi Húnavatnssýslu 16. nóvember 1951 að tilhlutan hreppsnefndar Skagahrepps og lýsti hún þá kærða, Kristinn Bergmann Lárusson, Garðshorni, Kálfshamarsvík, föður að barni því, sem hún ól 13. apríl 1945, en bréf oddvita Skagahrepps til sýslumanns Húnavatnssýslu, þar sem hann krefst þess, að gengið verði eftir því hjá barnsmóður,

hver eða hverjir séu feður barna hennar og leitað sé viðurkenningar þeirra á faðerninu, er dagsett 11. marz 1952.

Gerir oddviti í bréfi þessu þær kröfur f. h. hreppsins, að höfðað verði mál á hendur barnsfeðrum Y og þeir dæmdir til greiðslu meðlaga með þeim frá fæðingu þeirra og auk þess alls kostnaðar af málunum.

Af hálfu kærða, Kristins Bergmanns Lárussonar, nú til heimilis að Túngötu 20 í Sandgerði, er þess krafizt aðallega, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum, en til vara, að málið verði látið velta á synjunareiði hans.

Þá er því ennfremur mótmælt til frekari vara af hálfu kærða, að honum verði gert að greiða meðlag lengra aftur í tímann en til 24. október 1951, er barnsmóðir komst á framfæri sveitarinnar eða herra meðlag en framfærslustyrknum næmi.

Loks er málskostnaðar krafizt að skaðlausu.

Barnsmóðir hefur ekki fengið leyfi til málshöfðunar, og ber því að vísa hennar kröfum frá dómi, sbr. 6. mgr. 211. gr. einkamálalaga nr. 85 frá 1936.

Hinn 16. maí 1951 mætti barnsmóðir fyrir aukadómþingi Húnavatnssýslu og lýsti þá kærða, Kristinn Bergmann Lárusson, til heimilis að Garðshorni, Kálfshamarsvík, föður að barni því, sem hún ól hinn 13. apríl 1945 og mál þetta er af risið. Kvað hún þau Kristinn hafa verið nágranna og haft holdlegar samfarir saman á getnaðartíma barnsins og öðru hvoru fyrir þann tíma og síðar.

Ekki kvaðst barnsmóðir hafa haft samfarir við aðra karlmenn en kærða á getnaðartíma barnsins, en hann hafi hins vegar ekki viljað viðurkenna faðerni þess, er hún átti tal við hann um það, eftir að barnið fæddist.

Kærði hefur hins vegar neitað því, að barnsmóðir hafi sjálf rætt um þetta við hann.

Er næst var þingað í málinu fyrir sama dómi 7. október 1952, mætti kærði fyrir dómnum. Neitaði hann þá að hafa haft holdlegar samfarir við barnsmóður, áður en barnið fæddist, en neitaði því ekki, að svo hafi verið síðar, en færðist undan að skýra frá því, hvenær eða hve löngu síðar það hafi verið, þar sem það geti ekki skipt máli um faðerni barnsins, eins og bókað er eftir kærða í aukadómþingsbók Húnavatnssýslu.

Skýrði kærði svo frá, að hann hefði haustið 1942 ráðið sig til Jóns Benediktssonar, bónda í Höfnum, og dvalizt þar í 2 ár eða

þangað til í október 1944. Kvaðst hann sjaldan hafa komið heim til sín í Garðshorn á þessu tímabili, en þó nokkrum sinnum.

Í júní 1944 kvaðst kærði hafa verið á dansleik í Kálfshamarsnesi. Var kærandi einnig á dansleik þessum. Hann kvaðst sjálfur hafa dansað nær eingöngu við stúlku að nafni Margrét Björnsdóttir frá Höfnum, en Y hafi nær eingöngu dansað við aðkomusjómann, er hét Jón og var Bjarnason, að því er kærða minnti. Sagði kærði, að maður að nafni Jón hafi spurt Gunnar bróður sinn, er hann var við sjóróðra á Suðurlandi, eftir Y og hennar högum, án þess þó að gefa skýringu á því, hvernig hann þekkti hana.

Er barnsmóðir kom fyrir dóm í sama skipti, skýrði hún svo frá, að barn það, sem mál þetta er risið af, hefði komið undir á dansleik, sem haldinn var í Kálfshamarsnesi sumarið áður en barnið fæddist. Hún kvað þau kærða hafa dansað mikið saman á dansleik þessum og hafi þau haft samfarir saman niðri á Nesi fyrir neðan vitann, að hana minnti, og hljóti barnið að hafa komið undir þá.

Barnsmóðir minntist þess ekki, að kærði dansaði sérstaklega mikið við aðrar stúlkur og taldi, að engir aðkomusjómenn hefðu verið á dansleik þessum, enda hafi þeim yfirleitt ekki verið hleypt inn á dansleiki sem þenna. Þá taldi hún það rangt, að nokkur stúlka að nafni Margrét Björnsdóttir hefði verið í Höfnum á þessum tíma.

Nú hefur hins vegar verið lögð fram yfirlýsing frá stúlku þessari, þar sem hún lýsir því yfir í sambandi við framburð kærða, að hún hafi dansað nokkuð við hann á dansleik þeim, sem hann vitnar til, en eigi að síður hefði hann getað án sinnar vitundar haft afskipti af Y og fleirum. Vottorð þetta hefur ekki verið staðfest fyrir dómi, en þó má telja nægilega sannað, að stúlka þessi hafi verið á dansleiknum og einnig, að þar hafi verið aðkomusjómenn, eins og síðar greinir.

Hinn 19. janúar 1954 mætti Gunnar Lárusson frá Garðshorni, bróðir kærða, sem vitni í málinu fyrir aukadómþingi Húnavatns-sýslu. Skýrði vitnið svo frá, að það hefði verið á umræddum dansleik, sem kvenfélagið Hekla hélt í Kálfshamarsnesi í júní 1944. Taldi vitnið tvo til þrjá aðkomusjómenn hafa verið á dansleik þessum og einnig bar það, að bróðir þess hefði eitthvað dansað við Margréti Björnsdóttur frá Höfnum. Hins vegar vissi vitnið ekki til þess, að það hefði nokkurn tíma síðar hitt fyrrgreinda

aðkomusjómenn eða mann á Suðurlandi, sem hefði spurt það eftir högum Y.

Hinn 31. október 1955 mætti kærði, sem þá var fluttur til Sandgerðis, í aukadómþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu, og neitaði hann þá eindregið, að hann hefði nokkru sinni haft samfarir við barnsmóður. Er honum var á það bent, að hann hefði fyrir dómi 7. október 1952 viðurkennt samfarir við hana, eftir að barn það, sem málið er risið af, fæddist, neitaði hann að hafa gefið slíka viðurkenningu, en kvaðst hafa spurt, hvort það skipti nokkru máli, er dómariinn spurði hann um samfarir við barnsmóður, eftir að barn þetta fæddist. Þá var kærða bent á ósamræmið í framburði hans og Gunnars bróður hans. Breytti þá kærði framburði sínum á þann veg, að um misminni hafi verið að ræða hjá sér, það hefði verið Hallmann bróðir hans, en ekki Gunnar, sem hér hefði átt hlut að máli.

Vitnið Hallmann Ágúst Lárusson, bróðir kærða, mætti fyrir dómi 2. október 1955 og staðfesti þennan framburð kærða. Bar vitnið, að maður nokkur, sem það ekki þekkti, hefði komið um borð í bát, sem vitnið var háseti á í ársbyrjun 1949, og spurt sig, er hann heyrði hvaðan vitnið var, hvort það þekkti Y og hvort hún ætti krakka. Vitnið kvað sér hins vegar ókunnugt um, hvort þetta hefði verið sami maðurinn og dansaði við Y sumarið 1944 í Kálfshamarsnesi eða hvað hann hét.

Vitnið Jóhannes Einarsson, Hátúni, Kálfshamarsvík, mætti fyrir dómi 9. marz 1956. Kvaðst vitnið hafa verið á dansleiknum í Kálfshamarsnesi í júní 1944 og mundi vel eftir skipstjóra á aðkomubát, er kom á dansleikinn ásamt öðrum manni. Hét skipstjórinn Finnur Jónsson og þekkti vitnið hann vel frá fornu fari. Það kveðst hafa verið mikið með mönnum þessum á dansleiknum, en varð þess þó ekki vart, að þeir væru með Y eða dönsuðu við hana. Að dansleiknum loknum skiluðu menn þessir vitninu sokkum, sem þeir höfðu fengið lánaða hjá því, og héldu síðan aftur til Skagastrandar í bifreið, sem beið þeirra við svonefnda Fossá.

Vitnið Finnur Jónsson, kyndari í Rafstöðinni við Elliðaár, mætti fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 17. apríl 1956. Skýrði vitnið svo frá, að það hefði verið formaður á vélbátnum Þorbirni RE 256 á dragnotaveiðum í Húnaflóa sumarið 1944. Auk vitnisins voru á bátnum maður að nafni Magnús Ögmundsson frá Vestmannaeyjum og Þorvaldur Sæmundsson, ættaður frá Norðfirði. Minntist vitnið þess, að það fór á dansleik í Kálfhamarsnesi í júní 1944 ásamt öðrum hásetanum og telur nokkurnveginn víst,

að það hafi verið Magnús Ögmundsson, fremur en Þorvaldur. Ekki minntist vitnið þess, að Magnús hafi verið áberandi mikið með neinni stúlku á dansleik þessum eða hann talaði um það síðar, að hann hefði komið í tæri við stúlku þar. Vitnið kvað Magnús þennan hafa drukknað í Reykjavíkurböfn fyrir ca. 2 árum.

Ekki er upplýst í máli þessu, hvenær Y hafði síðast á klæðum, áður en hún ól barn það, sem hér um ræðir, né heldur, hvenær í júní 1944 dansleikurinn var haldinn, er hún telur barnið hafa komið undir.

Sakadómarrinn í Reykjavík hefur athugað sérstaklega skips-hafnarskrá Þorbjörns RE 256, sem talin er vera frá árinu 1944. Í skránni stendur fyrst „2 hásetar, vistmánuður byrjar 15/5, afskráðir 25/6“. Síðan standa nöfnin Magnús Ögmundsson og Þorvaldur Magnússon án nokkurra skýringa, hvorki tilgreindur fæðingardagur né ár, fæðingarstaður eða heimili. Er vistmánuður þeirra sagður hefjast 1/7, afskráning 2/8. Sé það rétt, að dansleikurinn hafi verið haldinn í júnímánuði, eins og allir eru sammála um, hlýtur „2 hásetar, vistmánuður byrjar 25/5, afskráðir 25/6“, einnig að eiga við þá Magnús Ögmundsson og Þorvald Magnússon. Dansleikur þessi hefur því í síðasta lagi farið fram 2—3 dögum fyrir 25/6 1944, þar sem báturinn átti eftir að fara suður, áður en afskráð yrði af honum, ef hann var að hætta veiðum um þetta leyti, sem er þó ekki líklegt, þar sem formaðurinn minnst ekkert á það í framburði sínum, en telur, að báturinn hafi legið inni vegna storms, er dansleikurinn var haldinn. Miklar líkur benda því til þess, að dansleikurinn hafi verið haldinn ennþá fyrr í mánuðinum en áður greinir.

Rannsóknarstofa Háskólans hefur framkvæmt blóðflokkanannsókn í málinu, en niðurstaða hennar útilokar ekki kærða frá faðerninu.

Í umsögn héraðslæknisins í Hafnarfirði um sennilegan getnaðartíma barnsins segir svo: „Getnaðartíma barns, sem fæðist 13. apríl 1945, verður að telja líklegastan um miðjan júlí 1944. Ef reiknað er til baka, eru 270 dagar frá 13/4 1945—17/7 1944, en það er sá tími, sem talinn er langalgengastur meðgöngutími kvenna eða 280 dagar, reiknað frá síðustu tíðum . . .“

Sé reiknað með því, að dansleikurinn hafi verið haldinn 20. júní og getnaður átt sér stað þá, eins og barnsmóðir telur, verður meðgöngutíminn 297 dagar eða allmiklu lengri en venjulegt er.

Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið rakið, lítur réttur-

inn svo á, að úrslit málsins verði að velta á eiði kærða eða barnsmóður.

Hjá kærða hefur gætt nokkurs ósamræmis varðandi bræður hans, Hallmann og Gunnar, eins og greint hefur verið frá, en hins vegar hefur framburður hans um þá, sem voru á dansleiknum, reynzt réttari en framburður barnsmóður.

Þá verður að telja, að kærði hafi viðurkennt fyrir dómi 7/10 1952, að hann hefði haft samfarir við barnsmóður, þó að hann neiti því fyrir dómi 31/10 að hafa nokkru sinni viðurkennt samfarir við hana.

Hins vegar er á það að líta, að framburður barnsmóður um samband hennar við kærða og frásögn hennar öll er mjög ófullkomin. Þar við bætist, að meðgöngutíminn verður óvenjulega langur, sé barnið getið við samfarir kringum 20. júní eða jafnvel ennþá fyrr.

Loks hefur verið lagður fram í málinu útdráttur úr dómsgerðum í barnsfaðernismáli út af eldra barni Y, með vottorði P. G. Kolka héraðslæknis, dagsettu 9/12 1952. Þar segir svo: „Það vottast hérmeð samkvæmt ósk bæjarfógetans á Akureyri, að Y, . . . Skagahreppi, f. 19/9 1916, er illa gefin og frekar hjárænuleg, en getur þó alls ekki kallast fáviti.“

Þegar það er virt annars vegar, að barnsmóðir hefur ekki fært fram neinar sérstakar líkur til stuðnings máli sínu, að framburður hennar er ónákvæmur og óskýr, að meðgöngutími barnsins verður óvenjulega langur samkvæmt hennar framburði og henni virðist mjög vitsmuna vant og hins vegar það ósamræmi, sem er í framburði kærða, verður niðurstaða máls þessa sú, að synji kærði fyrir það með eiði sínum eftir löglegan undirbúning á lög-mæltu varnarþingi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegar samfarir við barnsmóður frá og með 1. júní 1944 og til 1. ágúst s. á., skal hann vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu, enda greiði stefnandi honum þá kr. 1000.00 í málskostnað.

Fallist ákærði á eiðnum, skal hann teljast faðir meybarns þess, er Y ól hinn 31. apríl 1945, enda greiði hann þá meðlag með barninu frá 24. apríl 1951 samkvæmt úrskurði yfirvalds og kr. 282.00 í málskostnað, er renni í ríkissjóð.

Því dæmist rétt vera:

Synji kærði, Kristinn Bergmann Lárusson, fyrir það með eiði sínum eftir löglegan undirbúning á lög-mæltu varnar-

þingi innan 4 vikna frá birtingu dóms þess, að hann hafi haft holdlegar samfarir við barnsmóður, Y, frá og með 1. júní 1944 og til 1. ágúst 1944, skal hann vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu, enda greiði stefnandi honum þá kr. 1000.00 í málskostnað.

Fallist kærði á eiðnum, skal hann teljast faðir meybarns þess, er Y ól hinn 13. apríl 1945, enda greiði hann þá meðlag með barninu frá 24. apríl 1951 eftir úrskurði yfirvalds og kr. 282.00 í málskostnað, er renni í ríkissjóð.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 31. janúar 1958.

Nr. 88/1957. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Benedikt Sigurjónsson hrl.)

gegn

Lárusi Guðmundi Guðmundssyni

og gagnsök (Baldvin Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. maí 1957. Hann krefst aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda, en til vara lækkunar dæmdra fjárhæða og að hvorum aðilja verði dæmt að bera kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, sem fengið hefur gjafsókn hér fyrir dómi, hefur áfrýjað málinu með stefnu 27. maí 1957. Hann krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 163.369.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 12. október 1953 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.